

Föstudaginn 13. janúar 1950.

Nr. 61/1949. **Ákærvaldið** (Hermann Jónasson)

gegn

Sigurbirni Guðmundi Sigurbjörnssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Það verður að meta ákærða það til vangæzlu, að hann stöðvaði ekki bifreið sína, er hann sá drenginn Reyni Jónsson aka á reiðhjóli þvert yfir veginn og aftur með bifreið sinni vinstra megin, um sama leyti og ákærði var að fara fram hjá bifreið, sem kom á móti honum, enda var vegbrún sú, er drengurinn ók eftir, mjög tæg og ógreiðfær. Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941 og 2. gr. laga nr. 24/1941.

Samkvæmt þessu svo og með tilvísun til atvikalýsingar og raka héraðsdóms þykir ákærði eiga að sæta 15 daga varðhaldi. Svo þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Guðmundur Sigurbjörnsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið 3 ár.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hrd. og Árna Tryggvasonar hrd.

Ákærði sýndi gáleysi um akstur bifreiðar, er drengurinn Reynir Jónsson varð fyrir bifreið hans 4. júní 1948. Þá er það og leitt í ljós, að ákærði gerði sér leik að því að aka ölv-aður og með miklum hraða bíl, er hann tók heimildarlaust og farþegar voru í, um götur Akureyrarbæjar og nágrennis að-faranótt 24. s. m., og lauk þeirri ökuferð þannig, að bifreiðin steyptist á veginum. Þegar á þetta er litið, þykir ákærði ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941 um bifreiðarstjóra. Teljum við því, að svipta beri ákærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið. Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðum hæstaréttardómsins.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 31. desember 1948.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað gegn kærða, Sigurbirni Guðmundi Sigurbjörnssyni bifreiðarstjóra, til heimilis Gránufélagsgötu 2 hér í bæ, af valdstjórnarinnar hálfu með stefnu útgefinni 12. þ. m. fyrir brot á bifreiðalögum, umferðarlögum, áfengislögum, reglugerð nr. 72 frá 1937 og lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað frá 11. jan. 1934.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Baugaseli í Hörgárdal 26. febr. 1923. Hann hefur ekki fyrr sætt kærú eða refsingu fyrir neitt afbrot, svo að vitað sé.

II.

Málavextir eru þessir. Föstudaginn 4. júní s.l. um kl. 17 varð bifreiðar-slys á Þingvallastræti hér í bæ móts við norðvesturhorn á húsi Sverris Ragnars, eða því sem næst, og var það 9 ára gamall drengur, Reynir Jónsson að nafni, til heimilis að Lögbergsgötu 3 hér í bæ, sem fyrir slysi varð. Slasaðist drengurinn verulega, svo sem nánar verður síðar að vikið, og féll í rot við slysið, en hresstist aftur og náði heilsu.

Samkvæmt framburði kærða og vitna má þetta teljast upplýst um atvik að slysinu, svo að öruggt má telja. Kærði var að aka bifreiðinni A 819, sem er vörubifreið, eign Þórðar Aðalsteinssonar byggingameistara hér í bæ, eftir götutroðningum, sem liggja eftir túni, sem er norðan við Þingvalla-strætið, og var hann á leið upp Þingvallastræti nokkru vestan við framan-nefnt hús. Eftir að kærði var kominn inn á Þingvallastræti, stefndi hann til austurs (til bæjarins) og ók vinstra megin á götunni frá honum séð. Sagðist kærði hafa orðið að fara hægt á 2. gir eftir götuslóðanum og upp á veginn vegna þess, hversu ógreiðfært hafi verið þar. Um það leyti sem kærði kom inn í Þingvallastræti, sá hann vörubifreiðina A 888 koma

austan þá götu, og fór hann því þá strax með bifreið sína utan til á veginum vinstra megin, þó ekki mjög utarlega, og hélt þeirri stefnu, þar til hann hafði mætt nefndri bifreið nokkrum spöl austar. Nokkrum metrum, að því er næst verður komizt, á eftir bifreiðinni A 888 kom drengur sá, er að framan er nefndur, á reiðhjóli, og um það bil sem nefndar bifreiðar mættust, hjólaði hann út á hægri kant sinn á götunni, það er kantinn, sem A 819 var á, og hjólaði aftur með þeirri bifreið á vinstri hönd. Þegar drengurinn var kominn dálítið aftur með bifreiðinni, heyrði kærði einhvern smell, og stöðvaði hann þá bifreiðina. Þegar kærði kom út, sá hann nefndan dreng liggja á götunni við vinstra afturhjól bifreiðarinnar að aftanverðu. Tvöföld afturhjól eru á bifreiðinni, og virtist kærða önnur hönd drengsins vera föst inn á milli hjólanna og hélt, að verið gæti, að hún væri undir hjólinu, og skundaði hann því strax inn í bifreiðina aftur og hreyfði hana dálítið áfram. Um þetta leyti bar þarna að aðra bifreið, sem var skammt á eftir bifreið kærða, og var bifreiðarstjórinn í henni, Hermann Stefánsson, búinn að taka slasaða drenginn upp, þegar kærði kom aftur út úr bifreið sinni, og ók kærði með hann þegar í stað á sjúkrahús Akureyrar, og var hann lagður þar inn. Einn maður var í bifreiðinni með kærða, Sveinn Ólafsson að nafni, og aðstoðaði hann kærða við að flytja drenginn í sjúkrahús.

Það er enn fremur upplýst, að reiðhjólið, sem drengurinn var á, var karlmannsreiðhjól, en heldur minna en venjuleg reiðhjól, og að drengurinn var yfir slánni, en sat ekki í sætinu.

Eftir að kærði hafði lagt drenginn inn á sjúkrahús, fór hann og tilkynnti lögreglunni um slysið. Fór lögreglan síðan á slysstaðinn og athugaði hann og gerði riss af honum og umhverfi hans, sem lagt hefur verið fram í málinu. Einnig fór dómariinn ásamt kærða á slysstaðinn og athugaði hann. Samkvæmt rissinu, sem lagt hefur verið fram í málinu, er veginn á þessu svæði 5 m á breidd, en við hús Sverris Ragnars, sem sýnt er á rissinu, er malborin tröð, og nær hún nokkuð vestur fyrir húsið, og enginn glöggur kantur er þar á veginum. Að norðan er um 1 m hár kantur á veginum, að nokkru leyti grasi gróinn, og tekur þar við slétt tún, og er engin girðing meðfram veginum. Kanturinn er víðast þannig, að naumast er hægt að hjóla út af honum, en auðvelt væri yfirleitt að leiða reiðhjól þar út af. Vegarkanturinn að norðan er afsleppur á þessu svæði, og var mölin frekar laus á kantinum á um 1 fets breiðri ræmu, svo að ekki var varlegt að fara þar utarlega á reiðhjóli. Nokkur halli er á veginum á þessu svæði til austurs, en þó frekar lítill. Bjart veður var og þurrt um, þegar slysið varð.

Auk þess, sem upplýst er samkvæmt framansögðu, hefur kærði skýrt þannig frá nánari atvikum að slysinu. Þegar hann sá drenginn hjóla út á norðurkant vegarins og síðan aftur með bifreið kærða, virtist honum drengurinn hafa fulla stjórn á hjólinu og áleit, að drengurinn hefði haft nægilegt rúm á vegarkantinum, og hélt því fram, að bifreiðin hefði verið 1 meter frá vegarbrún. Kærði sat hægra megin í bifreiðinni, því að stýrið í henni er þeim megin, og sagðist hann hafa fylgt með drengnum, þar

til hann var kominn á móts við pallhornið fremra, og hafi drengurinn þá enn hjólað örugglega og ekkert fát sézt á honum. Á næsta augnabliki heyrði kærði því næst einhvern smell, og hemlaði hann þá þegar, og telur, að bifreiðin hafi stöðvazt svo að segja um leið. Hann kveðst ekkert hafa skipt vélinni, eftir að hann kom inn í Þingvallastræti, svo að hann hafi enn verið í annarri gangskiptingu og að hraðinn hafi verið 10—12 km, miðað við klst., og hafi bifreiðin runnið undan brekkunni, en ekki þorði hann þó að fullyrða, að vélin hefði ekkert gas haft. Ekki kvaðst kærði neitt hafa breytt um stjórn á bifreiðinni við að sjá drenginn, enda hafi hann ekki séð ástæðu til þess, en hann hafi þá strax athugað, hvort nægilegt rúm væri fyrir drenginn á reiðhjólinu vinstra megin við bifreiðina, og hafi hann talið, að svo væri. En kærði hélt því einnig fram, að hann hefði mjög lítið getað vikið til hægri vegna bifreiðar þeirrar, sem hann var að mæta. Ekki kvaðst kærði heldur hafa séð ástæðu til að stöðva bifreið sína, eins og á stóð. Ekki hafði hann veitt því athygli, hvort laus mól hefði verið á götukantinum, en hélt því þó fram, að drengurinn hefði ekki hjólað í lausa mól, þegar hann fór fram hjá honum (kærða). Kærði kvaðst hafa verið vel fyrir kallaður á allan hátt og sagði, að bifreiðin hefði verið í lagi að öðru leyti en því, að handhemill hafi ekki verið virkur nema öðru megin, og kvaðst hann ekki hafa getað fengið efni til viðgerðar á því, fyrr en daginn, sem hann mætti fyrst í réttarhaldi í máli þessu. Kærði áleit, að bifreiðin hefði mjög lítið hreyfzt, eftir að hann hemlaði henni.

Í bifreiðinni með kærða var, eins og að er vikið að framan, maður að nafni Sveinn Ólafsson, 20 ára að aldri, og sat hann hægra megin við kærða í húsi bifreiðarinnar. Hefur maður þessi borið vitni í málinu, og hefur vitnisburði hans yfirleitt borið saman við vitnisburð kærða um atvik að slysinu, og hefur hann borið um flest hin sömu atriði og kærði hefur gert. Hann hefur lýst aðdraganda slyssins þannig. Hann lýsti komu þeirra inn á Þingvallastrætið og bifreiðinni, sem á móti kom, á svipaðan hátt og kærði. Þá sagði hann, að um það leyti, sem bifreiðarnar voru að mætast, hafi hann séð drenginn á reiðhjólinu 2—3 m austan við bifreiðina, sem hann var í, og var drengurinn þá utarlega á hægri kanti sínum. Þegar þetta var að gerast, áleit vitnið, að bifreið kærða hefði verið um 1 m frá vegarbrúninni vinstra megin á um 10 km hraða og í annarri gangskiptingu. Sá hann drenginn hjóla eftir kantinum aftur með bifreiðinni og hverfa sjónum þess aftur með bifreiðarhúsinu. Drengurinn fór þá hægt, enda var vegurinn dálítið upp í móti. Á næsta augnabliki heyrðu þeir, sem í bifreiðinni voru, eitthvað koma við bifreiðina, og stöðvaði kærði hana þá þegar og fór út úr henni til að athuga, hvað skeð hefði. Að vörmu spori kom kærði aftur í stýrishúsið og sagði vitninu frá slysinu. Fór vitnið þá strax út úr bifreiðinni, en kærði hreyfði hana lítið eitt áfram. Þegar vitnið kom aftur fyrir bifreiðina, hafði Hermann Stefánsson þegar tekið slasaða drenginn upp og kom með hann á móti vitninu, og ók kærði þá strax með hann á sjúkrahús.

Vitni þetta telur, að kærði hafi ekkert breytt um stefnu við að mæta

drengnum, og áleit hann, að kærði hefði ekki getað beygt neitt til hægri vegna bifreiðarinnar, sem hann hefði verið að mæta á sama tíma. Áleit vitnið, að drengurinn hefði átt að geta hjólað meðfram bifreiðinni, og enn fremur áleit vitnið, að auðvelt hefði verið fyrir drenginn að fara út af kantinum. Kveðst vitnið ekkert hafa séð athugavert við akstur kærða með tilliti til drengsins. Þá taldi vitnið víst, að drengurinn hefði séð bifreið kærða í tæka tíð. Vitnið skýrði enn fremur frá því, að kærði hefði sagt sér nokkru eftir slysið, að þegar hann hefði komið að drengnum, hefði hann legið aftan við vinstri afturhjólín og að önnur hönd drengsins hefði verið klemmd á milli hjólanna og þess vegna hafi hann hreyft bifreiðina. Ekki vissi vitnið annað en bifreið kærða væri í góðu lagi. Vitnið hefur bifreiðarstjóraréttindi hin minni.

Vitnið Magnús Jónsson, bifreiðarstjóri á bifreiðinni A 888, hefur borið eftirfarandi. Hann minnst þess að hafa ekið í bifreið sinni upp Þingvallastræti, að því er hann minnti á 18. tímanum þenna dag. Búslóð var á palli bifreiðarinnar, og ók hann því mjög hægt og með jöfnum hraða og hélt sig utan til á vinstra kanti götunnar. Þegar hann kom skammt vestur fyrir hús Sverris Ragnars, mætti hann bifreið Hermanns Stefánssonar, en ekki mundi hann eftir að hafa mætt bifreiðinni A 819 um þetta bil, en hefur sagt, að svo geti þó verið. Ekki kveðst bifreiðarstjóri þessi neitt hafa orðið drengsins á reiðhjólinu var og ekkert hafa um slysið vitað.

28. júní s.l. var tekin skýrsla af drengnum Reyni Jónssyni, Lögbergsgötu 9, sem fyrir slysinu varð. Drengurinn var 9 ára gamall, fæddur 2. des. 1938. Lýsti hann aðdraganda slyssins þannig. Hann var á Þingvallastræti á reiðhjóli, sem er dálítið minna en venjulegt reiðhjól, og hjólaði hann yfir slánni, en sat ekki í sætinu. Vörubifreið var ekið um þetta leyti upp Þingvallastræti, og hjólaði hann á eftir henni. Hægt var á bifreið þessari, og hjólaði hann þá út á nyrðri kant götunnar. Skömmu síðar sá hann vörubifreið koma á móti honum á sama kanti, og ætlaði hann þá að fara eftir kantinum vinstra megin við hana. Þegar hann var kominn aftur með bifreiðinni, skrensaði reiðhjólið í lausri mól á vegarkantinum, og hafi hann þá rekizt í fremra hornið á palli bifreiðarinnar. Eftir þetta mundi drengurinn ekkert eftir sér á slysstaðnum. Drengurinn kvaðst halda, að bifreiðin hafi verið frekar utarlega á veginum, en ekki mundi hann til þess, að hann hefði orðið hræddur vegna þess, að honum hefði fundizt hann hafa of lítið svigrúm fyrir reiðhjólið. Að gefnu tilefni sagði drengurinn, að hann myndi ekki til þess, að ferðin væri að fara af hjólinu hjá sér, svo að hann kæmist ekki aftur með bifreiðinni. Ekki vissi drengurinn um, hvort bifreiðarnar hafi verið að mætast, þegar slysið varð.

Loks hafa 5 menn, sem voru á bifreiðinni A 254, mætt sem vitni í málinu. Bifreiðarstjórinn Hermann Stefánsson, sem að framan er getið, hefur borið, sem hér segir. Hann ók sinni bifreið um 50 m á að gizka á eftir bifreið kærða, þegar slysið bar að. Þegar vitnið veitti síðastnefndri bifreið athygli, var hún að mæta A 888. Enn fremur sá vitnið dreng koma á reiðhjóli á nyrðri kanti götunnar aftur með bifreið kærða, og staðhæfði vitnið, að þá hefðu síðastgreindar bifreiðar verið komnar hvor

fram hjá annarri. Kvaðst hann brátt hafa séð, að drengurinn kæmist ekki fram hjá bifreið kærða, því að hann hafi verið orðinn svo ferðlítill, að hann hafi ekki getað haldið beinni stefnu, og sagði, að augljóst hefði verið, að drengurinn hlyti að falla til annarrar hvorrar handarinnar. Á næsta augnabliki féll drengurinn á hjólinu að bifreiðinni, og virtist vitninu, að afturhjóli bifreiðarinnar færi alveg yfir drenginn, en vitninu varð svo mikið um, að það leit undan, og kvaðst ekki geta fullyrt, að hjólið hefði farið yfir drenginn. Á næsta augnabliki sá vitnið, að bifreið kærða var hemlað mjög skyndilega og að kærði kom út og gekk að drengnum og tók í hann, en hann virtist ekki ná honum, því að önnur hönd hans hafi verið föst undir hjólinu. Þegar vitnið kom að drengnum, var búið að hreyfa bifreiðina dálítið og var drengurinn þá laus. Sagði vitnið, að drengurinn hefði þá legið á hliðinni, skáhallt á veginum, og að nokkur hluti líkamans hefði legið aftur undan vinstra hjólinu, en efri hluti líkamans hafi legið innar á veginum. Hann tók þó fram, að hann hefði ekki veitt þessu glögga eftirtekt, því að honum hefði orðið mjög mikið um að vera sjónarvottur að slysinu. Vitnið tók drenginn upp og lét hann inn í bifreiðina til kærða.

Sama vitni hefur haldið því fram, að drengurinn hafi haft um 60—70 sm breiða ræmu á vegarkantinum og að hann hafi verið alveg utan við hjólfarið og að laus mól hafi verið þar, sem hann hjólaði. Ekki sá hann, að hjólið skrensaði til. Vitnið áleit, að kærði hefði getað vikið bifreið sinni betur inn á veginn, þar sem hin bifreiðin hefði verið komin fram hjá.

Hraðann á bifreið kærða áleit hann hafa verið 10—12 km miðað við klst.

Vitnið Sigfús Jónsson, 71 árs að aldri, sem sat við hlið bifreiðarstjórans í A 254, hefur borið, að hann hafi ekki betur getað séð en að vinstra afturhjólið færi að einhverju leyti yfir drenginn og síðan hafi hún runnið dálitinn spöl. Vitnið tók það fram, að það sjái ekki vel og að töluverður spölur hafi verið milli bifreiðanna. Ekki sá vitnið neitt til ferða drengsins fyrir slysið, og ekki veitti hann því athygli, hvar drengurinn lá, miðað við bifreiðina.

Við framangreinda vitnaframburði, og þá einkum vitnisburð Hermanns Stefánssonar, hafði kærði þetta að athuga, eins og að nokkru leyti er fram komið að framan. Hann áleit, að drengurinn hefði hjólað örugglega og að hann hefði verið á töluverðri ferð. Ekki varð hann þess var, að bifreiðin færi yfir drenginn, en neitaði þó ekki, að svo kynni að hafa verið. Hann tók aðeins lauslega á drengnum fyrst eftir slysið og hefur neitað því, að drengurinn hafi getað verið svo innarlega á veginum, eins og Hermann Stefánsson hefur haldið fram. Þá hefur hann stöðugt staðhæft, að hann hafi álitnið kantinn, sem drengurinn hafði fyrir hjólið, hafa verið 1 m eða jafnvel meira, þótt hann ekki hefði viljað staðhæfa það. Loks hefur hann staðhæft, að drengurinn hafi ekki rekizt á pallhornið að framan og að A 888 hafi ekki verið sloppin fram hjá, þegar drengurinn hjólaði aftur með bifreið hans.

Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreið kærða eftir slysið, og fann hann

þetta við hana að athuga: Handhemillinn verkaði ekki, og ljósabúnaður var ekki í lagi. Annað fannst ekki athugavert við bifreiðina. Bifreiðin hafði áður verið skoðuð 28. maí s. l., og voru þá settar athugasemdir á skoðunarkort hennar um framangreind atriði.

Kærði öðlaðist réttindi til að aka bifreið til mannflutninga 3. des. 1947. Hann var allsgáður og vel fyrir kallaður, eftir því sem upplýst er.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst málavöxtum, þá kemur aðeins til greina, hvort kærði hafi með akstri sínum brotið ákvæði bifreiðalaga 26. og 27. gr. og 2. og 4. gr. umferðarlaga, að því er gætni við aksturinn varðar. Upplýst er, að kærði ók mjög hægt og hélt sig á sínum kanti vegarins, og einnig verður að telja upplýst, að drengurinn hafi haft fulla stjórn á reiðhjólinu, þegar hann byrjaði að hjóla aftur með bifreið kærða. Því hefur að vísu verið haldið fram af einu vitni, að drengurinn hafi ekki haft örugga stjórn á hjólinu, þegar hann kom aftur með bifreiðinni, og að hann hafi haft of lítið svigrúm á vegarkantinum til að hjóla, en ekki verður það talið sannað gegn neitun kærða, að svo hafi verið. Það virðist að vísu svo, að hjólið hafi skrensað í lausri mól og að það hafi orðið aðalorsök slyssins, en ekki verður talið sannað gegn neitun kærða, að drengurinn hafi hjólað í slíkri mól, meðan kærði gat fylgt með honum. Ekki verður heldur talið sannað gegn neitun kærða, að hann hafi getað verið búinn að koma bifreið sinni betur inn á veginn í tæka tíð en raun var á. Samkvæmt þessu verður að telja, að kærði hafi ekki með akstri sínum í þetta sinn brotið nefnd ákvæði bifreiða- og umferðarlaga. Hann hefur hins vegar brotið ákvæði 5. gr. bifreiðalaganna, sbr. 38. gr., 4. gr. umferðarlaganna, sbr. 14. gr., og reglug. nr. 72 1937, 2. gr., með því að hafa handhemla ekki í lagi.

III.

Mál þetta er jafnframt höfðað vegna annars tilefnis en að framan er frá greint, og eru málavextir þess þannig. Aðfaranótt fimmtudagsins 24. júní s.l. um kl. 03.10 kom á lögregluvarðstofuna hér maður að nafni Stefán Bryngeir Einarsson, til heimilis að Drápuhlíð 22 í Reykjavík, og stúlka að nafni Ágústa Engilbertsdóttir, Reykjanesbraut 1, Reykjavík, og skýrðu lögreglunni frá því, að kærði í máli þessu hefði velt bifreiðinni R 3293 skammt frá Galtalæk, sem er skammt sunnan við bæinn. Í bifreiðinni höfðu verið, auk kærða, tveir piltar frá Ísafirði, sem hér voru á ferð, annar að nafni Garðar Hinriksson, 17 ára, en hinn hét Haukur Sigurðsson, einnig 17 ára. Þau skýrðu einnig frá því, að kærði hefði verið undir áhrifum áfengis og að hann hefði hlotið stóran skurð á fæti við bifreiðarslysið og verið fluttur í sjúkrahús, en að hitt fólkið, sem í bifreiðinni var, hefði ekki sakað. Þá skýrði Stefán Bryngeir einnig frá því, að kærði hefði farið í heimildarleysi inn í bifreið hans niðri í bæ og ekið henni af stað og ekki stöðvað, fyrr en slysið varð.

Kærði hefur sjálfur skýrt þannig frá atvikum þessa máls í höfuðdráttum. Hann var umrætt kvöld ásamt tveimur kunningjum á dansleik á Hótel Norðurlandi og höfðu þeir með sér eina flösku af brennivíni og neyttu

innihaldsins í sameiningu ásamt 3 öðrum mönnum. Dansleiknum lauk um kl. 1 um nóttina, og gekk kærði eftir það ásamt fyrrgreindum kunningjum sínum inn í Hafnarstræti. Kom þá nefndur Stefán Bryngeir þar að í bifreið sinni R 3293 og bað kærða að lána sér eldspýtur. Ekki kvaðst kærði hafa haft neinar eldspýtur á sér, en átti þær heima í bifreið sinni, og bauðst hann til að fara með Stefáni þangað og fór inn í bifreiðina til hans án þess að kveðja piltana, sem með honum voru. Þegar heim til kærða kom, tók hann eldspýtur úr bifreið sinni og afhenti Stefáni. Sagði Stefán þá við kærða, að hann skyldi fara að sofa, og ók af stað. Kvaðst kærði hafa ætlað að hitta framannefnda kunningja sína aftur, og hafi honum því runnið í skap, þegar Stefán ók burtu, og hafi hann þá í athugunarleysi ekið af stað, enda var hann staddur í bifreið sinni, þegar Stefán ók af stað. Kvaðst kærði síðan hafa ekið á eftir Stefáni, en í Strandgötu hjá verzluninni Esju hefði Stefán numið staðar og hefði hann einnig stöðvað sína bifreið þar. Stefán Bryngeir kom nú út úr sinni bifreið og sagði við kærða, að nú skyldu þeir skipta á bifreiðum, og féllst kærði strax á það, og fór Stefán þá þegar upp í bifreið kærða A 819 og ók niður Strandgötu. Í bifreiðinni R 3293, sagði kærði, að hefðu verið 2 stúlkur og 2 piltar. Urðu nokkur orðaskipti út af því, hvort kærði ætti að aka þeirri bifreið, og lét fólkið, sem í henni var, í ljós andúð gegn því, og sagði kærði, að önnur stúlkan hafi farið að stýrinu og reynt að setja vélina í gang, en ekki tekizt það. Segist kærði þá hafa farið upp í bifreiðina og ekið á eftir Stefáni. Var fyrst ekið niður alla Oddeyri, en síðan suður bæinn og suður fyrir hann. Hjá Gróðrarstöðinni, segir kærði, að Stefán hafi stöðvað, og hafi hann sjálfur þá einnig stöðvað. Fór kærði þá út úr bifreiðinni og að bifreiðinni A 819, en þá var bifreiðinni R 3293 ekið af stað, og telur kærði, að það hafi verið stúlka sú, sem fram í sat. Fór kærði þá upp í sína bifreið og ók á eftir hinni bifreiðinni, og sat Stefán Bryngeir þá við hlið hans. Þegar komið var á móts við Litla-Garð, sem er skammt sunnan við Gróðrarstöðina, var R 3293 stöðvuð, og var þá svo um talað, að kærði færi í R 3293 og æki henni, en að stúlkan, sem ekið hafði þeirri bifreið, færi í A 819, og átti að nema staðar við veginn, sem liggur að Eyjafjarðarbrúnum.

Þegar kærði var kominn af stað í þetta sinn, fannst honum bifreiðin láta illa að stjórn, einkum þannig, að erfitt var að stjórna henni til hægri. Ætlaði hann þá að aka henni til beggja hliða, sitt á hvað, til að reyna hana, og lenti hann þá fyrst út í lausamöl á vinstri kanti og varð þá að taka mjög fast á til að ná bifreiðinni til hægri og gefa henni jafnframt benzín, og kvaðst hann þá hafa misst stjórn á henni. Hann hefur þó sagt, að honum finnst hann hafa hemlað. En þó lauk þessu með því, að bifreiðin valt á veginum og lá á vestari (hægri) kanti götunnar eftir veltuna, og sagði hann, að bifreiðin hafi oltið á hægri hlið og legið á henni eftir veltuna. Fólkið, sem í bifreiðinni var, fór allt upp um glugga á annarri hlið bifreiðarinnar, en rúðan úr honum hafði brotnað við veltuna og að mestu molnað úr faginu, en kærði gætti þess ekki, að brot var eftir í einu horninu, og rak hann annan fótinn þar í og skarst inn í bein um

öklaliðinn. Kom Stefán Bryngeir að í þessu og ók kærða í bifreið hans að sjúkrahúsinu. Var kærði rúmfastur að minnsta kosti nokkrar vikur vegna sára sinna.

Stefán Bryngeir, sem er 18 ára að aldri, hefur skýrt þannig frá málsatvikum. Skömmu eftir dansleikinn nefnda nótt hitti hann kærða inni í Hafnarstræti ásamt félögum sínum. Var Stefán þá í bifreið sinni og var með honum í bifreiðinni stúlka sú og tveir piltar, er að framan greinir, og auk þess stúlka að nafni Sigríður Sigurðardóttir. Kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina þarna sökum þess, að aðra stúlkuna, sem í bifreið hans var, vantaði eldspýtu, og fullyrðir hann, að stúlkan hafi fengið hana hjá einum af félögum hans. Sagði hann, að kærði hefði nú troðizt inn í bifreiðina og beiðzt þess, að honum yrði ekið heim, og gerði Stefán það. Er heim til kærða kom, hafði hann orð á því, að hann ætlaði að aka í bifreið sinni, sem þar var, en Stefán kvaðst hafa beðið hann um að gera það ekki, enda vissi hann þá, að kærði var undir áhrifum áfengis. Stefán hefur þverneitað því, að farið hafi verið heim til kærða til að ná í eldspýtur. Nokkru síðar varð Stefán þess áskynja, að kærði kom akandi á eftir honum í Strandgötu, og voru báðar bifreiðarnar þá stöðvaðar, og fór Stefán og önnur stúlkan, sem með honum var, út úr bifreiðinni og töluðu við kærða. Fór kærði þess þá á leit, að þeir hefðu skipti á bifreiðum, en Stefán sagði, að það kæmi ekki til mála, sökum þess hve drukkinn hann væri. Skipti þá engum togum, að kærði hljóp upp í bifreið Stefáns og ók af stað. Kvaðst Stefán þá hafa farið í bifreið kærða og ekið á eftir honum. Sagði hann, að kærði hefði ekið á um 40 km hraða á klst. suður bæinn, en á móts við Gróðrarstöðina hafi hann hægt á ferðinni, og kvaðst Stefán þá hafa farið fram úr honum. Þegar á móts við Eyjafjarðarbrýr kom, sneri Stefán við, og kom hann þá að bifreið sinni, þar sem hún lá á veginum að nokkru leyti á vinstri hlið og að nokkru leyti á þakinu. Ekki sá hann neitt, hvernig veltan hafði viljað til. Stefán gerði ekki neina refsikröfu í máli þessu.

Vitnið Ágústa Engilbertsdóttir, 18 ára að aldri, Reykjanesbraut 1, Reykjavík, hefur borið, sem hér segir. Hún hefur ekki borið um það atriði, hvort kærði hafi tekið bifreiðina í heimildarleysi, en hefur þó ekkert haft við frásögn Stefáns um það að athuga. Hún hefur sagt, að kærði hafi ekki ekið mjög hratt inn bæinn, en þegar inn fyrir hann kom, hafi hann ekið á 60—70 km hraða. Þá skýrði vitnið frá því, að skömmu áður en bifreiðin hafi oltið, hafi kærði ekið henni nokkrum sinnum ýmist til hægri eða vinstri, og hafi það verið með svo miklum hraða og svo þverbeygt, að farþegarnir hafi henzst til hliðanna. Kærði hafi að lokum alveg misst stjórn á bifreiðinni, því að þessu hafi lokið með því, að bifreiðin hafi oltið, og hafi hún legið á vinstri hlið eftir veltuna. Vitni þetta skýrði og frá því, að þau, sem í bifreiðinni voru, hafi verið búin að biðja kærða að stöðva bifreiðina, en hann hafi ekki sinnt því og sagt, að allt væri í lagi. Vitni þetta sagði einnig, að kærði hefði misst stjórn á bifreiðinni vegna þess, að hann hefði sleppt annarri hendinni af stýrinu. Vitnið kvaðst aðeins hafa fengið smáskrámur við veltuna. Hún sagði, að fólkið í bifreið-

inni hefði strax komið út um glugga á henni. Vitnin Garðar Hinriksson, 17 ára að aldri, og Haukur Sigurðsson, 17 ára, báðir frá Ísafirði, hafa báðir tjáð sig samþykka vitnisburði Ágústu Engilbertsdóttur, að því undanskildu, að sá siðarnefndi sagði, að bifreiðin hefði oltið yfir toppinn, og að hún hefði legið á hægri hlið eftir veltuna, og sá fyrrnefndi tók fram, að kærði hefði sleppt annarri hendi af stýrinu til að ná vindlingi í vasa sínum samkvæmt beiðni stúlkunnar, og hafi hann þá misst stjórn á bifreiðinni. Ekki báru vitni þessi um, með hverjum hætti kærði hefði fengið umráð bifreiðarinnar R 3293, en höfðu þó ekkert við frásögn Stefáns Bryngeirs þar um að athuga. Loks hefur vitnið Sigríður Sigurðardóttir borið, að hún hafi ekið með Stefáni, eftir að kærði hafi hlaupið upp í bifreið hans og ekið henni brott. Hún hefur tjáð sig samþykka framburði Stefáns að öllu leyti.

Svo sem að framan er lýst, viðurkenndi kærði að hafa neytt áfengis þetta kvöld og að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, þegar hann var að aka bifreiðum þeim, er að framan er frá sagt, og hefur sagt, að hann hafi verið vel kenndur. Hann hefur þó haldið því fram, að hann hafi ekki fundið, að hann væri nokkuð óruggari við aksturinn af þeim sökum, að hann var kenndur. Hann kveðst ekki geta um sagt, hvort það hafi verið af því, að hann var undir áhrifum áfengis, að bifreiðin valt. Enn fremur hafa öll vitnin, sem mætt hafa í málinu og að framan eru nefnd, borið, að kærði hafi verið ölvaður um það leyti, sem hann var að aka bifreiðunum, en ekkert þeirra hefur talað um, að hann hafi verið mikið drukkinn. Blóðrannsókn hefur ekki verið gerð vegna máls þessa, og hefur því ekki fengist örugglega úr skorið, hversu mikil brögð hafi verið að ölvun kærða, þegar hann var að aka bifreiðunum, og verður því ekki talið sannað, að hann hafi verið mjög mikið drukkinn. Ekki er upplýst, að neitt af hinu fólkinu, sem í máli þessu greinir, hafi verið ölvað þessa nótt.

Samkvæmt frásögn Stefáns Bryngeirs urðu þessar skemmdir á bifreið hans R 3293 við veltuna: Þak dálítið beyglað, aurbretti rispað, grind eitt-hvað skekkt og handföng og rúður beggja megin brotnað.

Svo sem að framan er rakið, ber kærða og vitnunum ekki saman um ýmis atriði varðandi það, þegar kærði tók bifreiðina, og ýmislegt um aksturinn suður bæinn, en þar sem ekki hefur verið gerð refsikrafa fyrir töku bifreiðarinnar í heimildarleysi og ekki stefnt út af því, þykir ekki nauðsynlegt, að úr því efnj sé skorið, samanber ákvæði 259. gr. almennra hegningarlaga.

Sannað er í málinu, að kærði hafi ekið bifreið sumpart með farþega fyrst um bæinn og síðan úr miðbænum og suður á móts við Lækjarbakka, sem er skammt sunnan við bæinn. Hefur hann með því atferli gerzt sekur um brot á ákvæðum 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941, 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 1941, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt Akureyrar frá 11. jan. 1934, 47. gr., 4. mgr., sbr. 97. gr. Ekki verður talið sannað nákvæmlega, með hvaða hraða kærði ók í þetta sinn, en þegar á það er litið, að kærði veltir bifreið á

venjulegum vegi án þess að aka út af kantinum, og þegar jafnframt er höfð hliðsjón af framburði vitna um þetta atriði, þykir það leitt í ljós, að kærði hafi í þetta sinn ekið gálauslega og of hratt, miðað við aðstæður. Hefur hann með því brotið ákvæði 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., bifreiðal., sbr. 38. gr., umferðarlög 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr., og 48. gr. lögreglusamþykktar Akureyrarkaupstaðar, sbr. 97. gr. Loks verður að telja nægilega sannað, að stýrisbúnaður bifreiðarinnar R 3293 hafi ekki verið lögum samkvæmur, og er það brot á 5. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 3. gr., 2. mgr., og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaga, sbr. 14. gr., og 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Akureyrarkaupstað, sbr. 97. gr., og reglug. nr. 72 1937, 2. gr., 2. tl.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan er lýst, og þeim niðurstöðum, sem þar eru fengnar, hefur kærði brotið þar tilgreind lagaákvæði. Þykir refsing kærða samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna, 39. gr. áfengislaganna, 97. gr. lögreglusamþykktar Akureyrarkaupstaðar og 9. gr. reglug. nr. 72 frá 1937, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald og 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald fyrir, verði sektin eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa. Enn fremur er kærði sviptur rétti í 6 mánuði til að aka bifreið frá birtingu dóms þessa að telja samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna. Kærði greiði allan kostnað, er leitt hefur og leiða kann af máli þessu, þar á meðal 300 kr. til skipaðs talsmanns síns, Friðriks Magnússonar hdl.

Skaðabótakrafa hefur engin verið gerð í máli þessu.

Mál þetta hefur verið rekið vítalaut.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi á Akureyri.

Dómsorð :

Kærði, Sigurbjörn Guðmundur Sigurbjörnsson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði er sviptur réttindum til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 300 krónur til skipaðs talsmanns síns, hdl. Friðriks Magnússonar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.